Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn 1964, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra – Guðrún Bjarnadóttir – Ásgeir Pétursson – Gylfi (?)– Hólmfríður Danielson – Björn (?)– Valdimar J. Lindal – Jens Otto Kragh – Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi – Walden Moore – *Fish Tales* – Coldwater –

# Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-30, Örk 7

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Stake Farm
Godden Green
Sevenoaks
Kent
4th May 1964

Sæll elsku pabbi minn!
Þakka þér kærlega fyrir bréfið er ég fékk fyrir þessa helgi. Hérna gengur allt sinn vana gang.
Veðrið hefur verið hálf leiðinlegt, alltaf rigning öðru hvoru, annars milt.
Í gær var okkur fjórum stelpunum boðið heim til eins kennarans, en hún býr í bát á á sem er hérna í grenndinni við fórum kl. 11 um morguninn en komum aftur hingað um 8 leytið. Og var

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þetta bara svona
sannilegt, allavega ~~hl~~
einhver tilbreyting.
Nú er búið að ákveða
að fara með okkur þann
14. maí og sýna okkur
Cambridge. Svo aftur
þann 27. og 28. maí förum
við til Stratford og
Oxford og munum við
þá gista á hóteli eina
nótt
Nú líður tíminn ansi
hratt og alltaf nálgast
tíminn við prófinn, en
í því eru margir liðir
fyrst munnlegt próf og
stíll þann 28. maí. Svo
kemur hitt í júní en
það er ritgerð, bréf og
spurningar, ég veit nú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki hvort ég sé nógu
vel undirbúin fyrir
þetta, en samt mun
ég reyna það sem ég
get.

Um flugmiðana til Hafnar
vildi ég láta ykkur alveg
hugsa um og senda mér
þá, ég held að það sé
miklu hagara. Og held
ég að mér sé alveg sama
ef ég ferðast með útlendri
vél, bara það sem er
ódýrast.

Annars var ég alveg
hissa að heyra að þú
hafir hringt í Sigurbjörn
og beðið um pláss fyrir
Völu í kirkjugarðinum,
hvað hafið þið hugsað
ykkur um að láta mig

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greyjið gera?

Jæja elsku pabbi minn þá held ég að ég hafi þetta ekki lengra í þetta sinnið. Vona að þú útkeyrir þig ekki alveg í þinginu. Bið svo að heilsa öllum heima

Þín dóttir
Guðrún

P.S. Ég hef ákveðið að hætta að skrifa til Islands á ensku, það er nóg að skrifa til allra suðurlanda pennavinanna í þessu máli

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÁSGEIR PÉTURSSON
SÝSLUMAÐUR

Borgarnesi 20/11 1964

Góði vinur,

Fyrir nokkrum vikum byrjaði ég svolítið að athuga framhaldsnáms-kerfið í landinu með það fyrir augum að kanna hvort unnt væri að við Sjálfst.menn gætum átt frumkvæði að úrbótum í þessum efnum. Við Hallsteinn Eiríks-son náðum síðan saman hér uppfrá og ákváðum að bera saman bækur okkar í þessu efni og jafnvel að vinna sam-an að þessu verki. — Nú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skeður það fyrir nokkrum dögum að Magnús Jónsson hringði til Aðalsteins og ræddi þessi — eða skyld mál við hann og lét þá e.h. orð falla um það að Gylfi fýsti að gera eitthvað í þessu.

Svo var í morgun boðaður fundur hjá Gylfa til þess að ræða málið. Þar átti að vera Aðalst., Birgir Th., Runólfur o. á þóðlemálaskrifst og ef t.v. einhverjir fleiri.

Nú er það ljóst að þessi mál eru einhver allra mest umtöluðu mál úti um landsbyggðina, bæði meðal kennara, foreldra og rannar ask-kennara. Það er aldeilis ófært annars. Það er aldeilis ófært að einhverjir embættismenn undir forystu Gylfa sinni þessu einir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÁSGEIR PÉTURSSON
SÝSLUMAÐUR

II.

Ég tel að við S. eigum að ríða á vaðið, eiga bæði frumkvæðið og forystuna í þessum efnum sbr. bréf þitt til Heimdallar í vor. Þetta er stórmál, sem eðlilegt er að við sinnum sem stærsti flokkurinn, enda staðreynd að skynsamlegustu úrbætur í skólamálum eru flestar frá Sjálfstæðismönnum komnar. Nú, ef þessu á að sinna, þyrfti að athuga málið fljótlega. Ef þú teldir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rétt að íhuga þetta betur, gæti ég komið strax til þín og rætt málið betur.

Með beztu kveðju

Ásgeir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÁSGEIR PÉTURSSON
SÝSLUMAÐUR

Borgarnesi 18.11. 1964

Góði vinur.

Ég ætlaði að ná tali af þér niðrí Stjórnarráði í gær, en náði ekki til þín, svo ég sendi þér þessar línur í staðinn.

Ég er öldungis á því hreina með það, sem þú sagðir við mig í sumar í sambandi við hugsanl. virkjun Kláffoss í Hvítá, þ.e. að okkar vonir lægju helst í því að ef einhver dráttur yrði á stórvirkjun, kæmi Kláffoss til greina. Þetta er einfalt mál og við gerum okkur engar gyllivonir um þetta.

Hinsvegar liggur nú fyrir og sumir sérfræðingar (þ.á.m. Steingrímur) telja að til mála komi að byggja orkuver við Kláffoss samtímis stórvirkjun, m.a. til þess að orka - viðbótarorka- fáist fyrr. Ekkert veit ég hvernig því máli lyktar en hitt veit ég að eðlilegt er, að við leggjum fram allar upplýsingar um Kláffossrannsóknirnar, þannig að þeir menn, sem taka endanlegar ákvarðanir hafi allar staðreyndir fyrir sér. Því hef ég gert ráðstafanir til þess að þeir (þ.e. Ingólfur, Eiríkur Briem o.fl.) hafi gögnin hjá sér og sjálfur hef ég talað við þá, sem mér skilst að fjalli um þetta. Þér var ég áður búinn að afhenda virkjunarmatið og skýra málið og sendi nú örstutt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22.8.1964.

Góði vinur.

Mér datt í hug að hripa þér nokkrar línur, áður en ég færi, með smáfréttum og lauslegum hugleiðingum um nokkur atriði, sem ég þykist vita, að verði á döfinni á næstunni.

Fyrst er frá því að segja, að Lúðvík Jósepsson kom til mín fyrir nokkrum dögum, kvaðst vera að fara til Moskvu í boði þeirra þar, sér til hvíldar og hressingar. Hann kvaðst þó áreiðanlega mundu hitta valdamenn, og hefði sér dottið í hug að ræða við þá um möguleika á því, að Rússar keyptu af okkur óseldu niðursuðuvörurnar frá Siglufirði og auk þess niðurlagða síld, meira unna en nú tíðkaðist, í stórum öskjum. Mundi það skapa mikla atvinnu á Norður- og Austurlandi. Erindið við mig var að ræða, hvað ég teldi helzt geta komið til greina að kaupa í staðinn. Ég var heldur daufur varðandi skilyrði til aukinna kaupa frá Rússum. Hann nefndi þá stálþil vegna hafnargerða og staura vegna síma og raforkuframkvæmda, sem hvort tveggja væri kaup af hálfu hins opinbera. Ég minnti á, að þessar vörur hefði hingað til ekki verið hægt að fá hjá Rússum, a.m.k. ekki eins og hér væri óskað, að þær væru. Þetta sagði hann vera að breytast. Ég benti á, að hér væri ekki um stórar upphæðir að ræða, en hann taldi þær geta vaxið, og svo kæmi ef til vill lán til greina, þ.e. að við gætum fengið lán og greitt það smám saman með niðursuðuvörum og síld. - Þetta rifjaði það upp fyrir mér, þótt ég léti þess ekki getið við Lúðvík, að dr. Oddur sagði mér um daginn frá því, að Guðmundur Hjartarson hefði komið til sín og spurt sig í þaula um, hvað við gætum keypt frá Rússum til viðbótar því, sem nú væri gert. Aðspurður svaraði Guðmundur því, að hann spyrði vegna þess, að hann teldi unnt að fá Rússa til þess að kaupa mikið magn af niðursuðuvörum frá Siglufirði, fyrir allt að 2 millj. $ á ári. En Guðmundur vildi láta líta á þetta sem mikið trúnaðarmál.

Í morgun hitti ég Þorstein Pétursson. Hann spyr mig þá, hvort ég viti, hvað þeir séu að gera til Rússlands, Lúðvík, Guðmundur Hjartarson og Sigurður Thoroddsen, en þeir hefðu farið þangað í morgun. Þorsteinn kvaðst geta þess til, að þeir væru að fá Rússa til þess að gera tilboð í rafvirkjun fyrir Íslendinga, enda væri Lúðvík pólitíski leiðtoginn, Guðmundur orðinn aðalfjármálasérfræðingurinn og Sigurður aðalverkfræðingurinn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sannleikurinn er sá, að mér finnst í rauninni alls ekki útilokað, að þeir ætli að reyna að útvega einhvers konar lánstilboð, sem skáki lánaskilyrðunum hjá Alþjóðabankanum og sé ætlað að koma í veg fyrir aluminiumverksmiðjuna. Talið er, að Sigurður Thoroddsen standi á bak við skýrslu frá Laxárvirkjuninni, þar sem Búrfellsvirkjunin er gerð tortryggileg með furðulegum málflutningi. Einar Olgeirsson er enn í Moskvu eða rétt utan við hana. Lúðvík kvað þá mundu hittast, en gerði annars ekki mikið úr því, að þeir mundu hafa mikið saman að sælda þarna fyrir austan. - Þá er þess að geta, að sendiherrann rússneski sagði mér í síðdegisboði hjá Þjóðverjanum fyrir skömmu, að hann væri á förum til Moskvu vegna veikinda konu sinnar. Ætlaði hann annað hvort í gær eða á morgun. Kannske er erindið það, sem hann segir. En gæti það ekki verið í sambandi við ferðalag þremenninganna og dvöl Einars úti?

Þá langar mig til þess að minnast á samtal okkar Sæmundar Ólafssonar um landbúnaðarverðið. Hann kvað auðvitað ekkert samkomulag vera hugsanlegt og var æfur út í það, ef málið gengi til úrskurðar hagstofustjóra, svo vitlaus sem lögin væru og hæpnar þær reglur, sem Klemens hefði skapað sér eða teldi sig þurfa að fylgja. Hann kvað það skoðun allra neytendafulltrúanna þriggja, að bezt væri að koma í veg fyrir verðlagningu samkvæmt lögunum, en það gætu þeir gert með því að neita að taka þátt í störfum sex-manna-nefndarinnar. Þá mundi skapast svipað ástand og 1959, þegar Emils-stjórnin gaf út bráðbirgðalögin. Við Emil höfum rætt þetta ýtarlega og finnst , að þetta væri hreint ekki það versta, sem fyrir gæti komið. Þá yrði ríkisstjórnin í raun og veru að ákveða verðið. Væri ekki hugsanlegt, að ákveða með bráðbirgðalögum nýtt verð, sem tæki tillit til hækkaðs rekstrarkostnaðar, en frestaði að taka tillit til breytingar á launaliðnum, þar til farið hefði fram samningar við bændur, hliðstæðir þeim, sem fóru fram við launlega í sumar? - Ég hef rætt ýtarlega við Klemens og tel engan vafa á því, að hann mundi kveða upp mjög konservatívan dóm. En hann kemst þó áreiðanlega ekki hjá því að taka verulegt tillit til launahækkunarinnar og annarra krafna, sem uppi eru, svo að vísitöluhækkun gæti varla orðið minni en ca. 4 stig, vegna landbúnaðarvaranna einna. En það ættu launþegafulltrúarnir erfitt með að sætta sig við, jafnvel þótt þau yrðu greidd niður. Þetta mál verður eflaust mjög erfitt viðfangs, og ég hef orðið þess greinilega var, að Emil kvíðir meðferð þess mjög. Ég held það væri mjög gott, ef þið tveir gætuð rætt það vandlega ykkar í milli, áður en umræður í stjórninni fara mjög langt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá eru það að síðustu fjárlögin. Ég hef reynt að hafa tillögur menntamálaráðuneytisins ábyrgar og ræddi allt, sem máli skipti við Gunnar, áður en tillögur voru gerðar. Bréf, sem voru farin án þess að ég væri búin að lesa þau eða afrit af þeim, sem ég fékk alltaf jafnóðum, og mér fannst óraunhæf, svo sem tillaga um 18 millj.kr. fjárveiting til hjúkrunarkvennaskóla, tók ég til baka og lét skrifa ný. Ég reikna með því, að fjárlögin verði rædd ýtarlega í stjórninni sjálfri og beinlínis afgreidd þar, Stormurinn, sem skall á út af sköttunum - og var að vísu mestur hér í Reykjavík-gerir áreiðanlega nauðsynlegt að endurskoða öll skattalögin á næsta þingi og þó einkum að láta nýju skattarannsóknadeildina starfa með myndarskap. Ég tel skattana nú vera komna yfir hámarkið og að nauðsynlegt sé, að draga eitthvað saman seglin og þá fyrst og fremst að knýja sveitarfélögin til þess með einhverjum ráðum að hægja ferðina. Mig langar til þess að nefna nokkur atriði, sem mér finnst þurfa að athuga alveg sérstaklega í sambandi við fjárlagafrumvarpið:

1)Rafmagnsmálin. Rekstrarhalli rafmagnsveitnanna er líklega 30-35 millj.kr. og lendir algjörlega á ríkisábyrgðasjóði. Af framkvæmdafénu, sem er um 45 millj.kr. á fjárlögum /(unnið verður fyrir 70 millj) hefur Ingólfur notað 27 millj.kr. til sveitaveitnanna, sem eru einu framkvæmdirnar, sem auðvelt hefði verið og er að skera niður. Hinar framkvæmdirnar er mjög erfitt að takmarka.

2) Landssíminn. Hann ráðstafar án nokkurs eftirlits af hálfu ríkisstjórnarinnar tugum milljóna til framkvæmda. Viðhald og nýbyggingar á þessu ári er mér sagt að nemi um 100 millj.kr. Þessar framkvæmdir ætti að vera hægt að takmarka.

3)Skipaútgerðin. Hallinn þar er mjög mikill og þyrfti að athuga þann rekstur allan.

4)Vegaféð. 40-50 millj.kr. eru veittar á fjálögum í vegasjóð. Í stað þess að hækka skatta finndist mér koma til greina að spara þessa fjárveitingu, en hækka bensínið í staðinn, enda hefur bensínverð mjög lítil áhrif á vísitöluna.

5)Ef í harðbakka slær kæmi til athugunar að draga úr fjárveitingum á fjárlögum til sveitarfélaganna, sem fá 5 % af aðflutningsgjöldum og 20 % af gamla söluskattinum eða hvorki meira né minni en 130 millj.kr.

Þetta eru auðvitað mjög lauslegir þankar. Ég ætlaði að tala um þetta allt saman við Emil í dag, en hann lá þá í rúminu í kvefi. Mér þætti vænt um, ef þú tækir þetta sem mál okkar í milli.

Beztu kveðjur Gylfi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með tilvísun til ályktunar um öryggismál, sem gerð var á 10. flokksþingi Framsóknarmanna, ákveður miðstjórn Framsóknarflokksins að beita sér fyrir eftirgreindum endurbótum á framkvæmd varnarsamningsins við Bandaríkin:

1. Að stjórn varnarmála af hálfu Íslands verði endurskipulögð, og telur miðstjórnin æskilegt, að sérstakri stjórnardeild verði falin meðferð þessarra mála.

2. Að framkvæmdum varnarliðsins sé þannig hagað, að ekki þurfi að flytja inn erlent verkafólk vegna þeirra, enda sé jafnframt höfð hliðsjón af vinnuaflsþörf íslenzkra atvinnuvega á hverjum tíma. Jafnframt sé lögð áherzla á að haga framkvæmdunum þannig, að þær geti komið þjóðinni að gagni til annars en landvarna. Brottflutningur erlends verkafólks, sem nú starfar að framkvæmdum fyrir varnarliðið, verði hafinn sem fyrst, og sé honum lokið á þessu ári.

3. Að íslenzka ríkið annist gerð og viðhald mannvirkja fyrir varnarliðið, svo sem nú á sér stað um vegagerð vegna fyrirhugaðra radarstöðva.

4. Að varnarsvæðin verði skipulögð þannig, að dvalarsvæði varnarliðsins og útlendra manna í þjónustu þess verði glöggt aðgreind frá dvalarsvæðum íslenzkra starfsmanna, svo að auðveldara verði um eftirlit á mörkum þessara svæða.

5. Að settar verði reglur um leyfisferðir varnarliðsmanna utan samningssvæðanna, enda gildi þær reglur einnig um erlenda verkamenn, sem hér dveljast á vegum varnarliðsins. Reglur þessar miði að því að hindra óþörf samskipti landsmanna og varnarliðsins og takmarki dvöl þess við þá staði, sem það hefir til afnota.

4

6. Að athugaðir verði möguleikar á, að Íslendingar annist fyrir varnarliðið starfrækslu fyrirhugaðra radarstöðva, - svo og annarra varnarstöðva -, enda verði hafinn undirbúningur að sérmenntun íslenzkra manna í því skyni, eftir því sem með þarf.

Jafnframt ákveður miðstjórnin að beita sér fyrir því:

1. Að endurskoðun varnarsamningsins verði hafin nú þegar.

2. Að gefin verði út bók með nauðsynlegum upplýsingum um varnarmálin.

3. Að áframhaldandi samstarf sé um varnarmálin milli Framsóknarflokksins, Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÞJÓÐRÆKNISFÉLAG ÍSLENDINGA Í VESTURHEIMI

# The Icelandic National League

Organized 1918 Incorporated 1930

SPECIAL AWARD FROM THE PRESIDENT OF ICELAND

PATRONS:
H. H. ASGEIR ASGEIRSSON, PRESIDENT OF THE REPUBLIC OF ICELAND
HIS EXCELLENCY THE RT. HON. GEORGES P. VANIER, GOVERNOR-GENERAL OF CANADA

EXECUTIVE COMMITTEE:
REV. PHILIP M. PETURSSON, PRESIDENT
681 BANNING ST., WINNIPEG 10
MRS. H. F. DANIELSON, SECRETARY
869 GARFIELD ST., WINNIPEG 10
PROF. HARALDUR BESSASON, SECRETARY
STE. 15B, GARRY MANOR APTS. 1430 PEMBINA HIGHWAY, WINNIPEG 19
CONSUL GRETTIR LEO JOHANNSON, TREASURER
76 MIDDLE GATE, WINNIPEG 1
MR. GUDMANN LEVY, FINANCIAL SECRETARY
185 LINDSAY ST., WINNIPEG 9
MR. JAKOB KRISTJANSSON, ARCHIVIST
246 MONTGOMERY AVE. WINNIPEG 13
HIS HONOR WALTER J. LINDAL, VICE SECRETARY
788 WOLSELEY AVE., WINNIPEG 10
MR. JOHANN TH. BECK, VICE-TREASURER
975 INGERSOLL ST., WINNIPEG 3
MR. OLAFUR HALLSSON, VICE-FINANCIAL SECRETARY
ERICKSDALE, MANITOBA

PUBLICATION:
"TIMARIT"
EDITORS: MR. GISLI JOHNSON, PROF. H. BESSASON
ADVERTISING MANAGER MR. G. LEVY

CHAPTERS:
"ALDAN," BLAINE, WASH.
"BARAN," MOUNTAIN, N.D.
"BRUIN," SELKIRK, MAN.
"ESJAN," ARBORG, MAN.
"FRON," WINNIPEG, MAN.
"GIMLI," GIMLI, MAN.
"ISLAND," MORDEN, MAN.
"LUNDAR," LUNDAR, MAN.
"STRONDIN," VANCOUVER, B.C.

CO-OPERATING ORGANIZATIONS:
THE ICELANDIC SOCIETY OF NEW YORK, NEW YORK CITY
"VESTRI," SEATTLE, WASH.
PATRIOTIC SOCIETY, REYKJAVIK, ICELAND

869 Garfield St.
22. feb. 1964

Dr. Bjarni Benediktsson
Forsætisráðherra Íslands
Reykjavík, Iceland.

Kæri herra forsætisráðherra:

Við þökkum þér hjartanlega fyrir alúðar-kveðjur og árnaðaróskir sem þú sendir félaginu á 45. árþingi þess,nú nýlega afstaðið. Það er eins og hlý alda flæði yfir hugi okkar þegar við fáum slík góð og innileg bréf frá leiðtogum þjóðarinnar "heima"; það uppörfar okkur til frekarà framtaks til stuðnings þeim sameiginlegu Islenzku málum sem eru okkur öllum svo kær.

Þingið var í alla staði mjög uppbyggjandi, og skemtilegt, og jók það ekki lítið á ánægju okkar að hafa sem heiðursgesti á þinginu, virðulagan forstjóra Eim-skipafélagsins og hans glæsilegu frú. Fundir voru afar vel sóttir og samkomur haldnar fyrir fulli húsi hvert kvöld, svo það má sjá að enn er mikið líf í Islenzku menning-arstarfi hér vestra.Og vonum við að geta haldið því við um langt skeið,sérstaklega þar sem við njótum svo mikillar samúðar og hjálpfýsi frá ykkur í heimalandinu.

Með bestu kveðjum og hugheilum árnaðaróskum til þín og samverkamannanna þinna, og til þjóðarinnar í heild,

einlæglega,
Hólmfríður Danielson -rit

P.S. Kæri herra forseti; Eg get ekki látið það fara fram-hjá að láta hér nokkur orð persónulaga frá sjálfri mér, þar sem ég kynntist þér ofurlítið þá er ég heimsótti Ísland, árið 1938. Það var þá að hin mikilhæfa og rausnarlega frænka þín,Ragnhildur Pétursd. frá Hátegi ,leigði bíl og bílstjóra og fór með mig alla leið út að Galtafelli til þess að heimsækja Einar Jónsson,myndhöggvara. Þá varst þú og bróðir þinn með í förinni, og er það einn sá skemti-legasti "túr" sem eg fór á ferð minni um Island,og fór eg þó mjög víða. Svo þakka ég þér þá ,og ykkur,fyrir framúr-skarandi samfylgd, og ástúðlegar viðtökur og hlýhug sem allir sýndu mér á Gamla Landinu.

Hafið þið þökk,
H. D.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ABBEY 6853

VANDON COURT,
FLAT 29,
PETTY FRANCE,
WESTMINSTER,
LONDON, S.W.1.

Hinn 29-12-1965.

Góði vin,

Legg hjer með eintak af "Evening News", með grein um Sir William Charles Crocker, sem þú hittir síðastliðið sumar, í Californiu, en hann er föðurbróðir annars tengdasona minna, John Crocker.

Sendi einnig tímarit um lögfræðismál, er mjer barst uppí hendur, en hjelt að það yrði að meiru gagni hjá þjer.

Með bestu kveðjum frá okkur hjónunum, til þín og konunnar

Þinn einlægur Björn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

The Icelandic Canadian

Winnipeg Canada

MAGAZINE BOARD

Editors:

Judge W. J. Lindal
Editor-in-Chief and
Chairman of the Board
788 Wolseley Ave.
Winnipeg 10

Prof. Haraldur Bessason
84 Triton Bay
St. Vital, Winnipeg 8

Miss Caroline Gunnarsson
758 McMillan Ave.
Winnipeg 9

Miss Salome Halldorson
Ste. 6—240 Chestnut St.
Winnipeg 10

Arelius Isfeld
896 Palmerston Ave.
Winnipeg 10

Miss Elin Josephson
Ste. 49—279 River Ave.
Winnipeg 13

Gustaf Kristjanson
73 Crowson Bay
Winnipeg 19

W. Kristjanson
1117 Wolseley Ave.
Winnipeg 10

T. O. S. Thorsteinson
400 Parkview St.
Winnipeg 12

Secretary of the Board:

Miss Mattie Halldorson
Ste. 32—399 Graham Ave.
Winnipeg 1

Business and Circulation Manager:

Hjalmur F. Danielson
869 Garfield St.
Winnipeg 10

Advertising Solicitor:

Mrs. C. O. Einarson
617 Ingersoll St.
Winnipeg 10

September 28, 1964.

Hr. forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson,
Háuhlíð 14, Reykjavík.

Kæri forsætisráðherra.

Nú hef eg sent þér með flugpósti nokkrar myndir, og svo haust heftið af ritinu okkar.

Mér var afar annt um að fá sumt af þessum myndum. (Eg réði ekki hverjir voru valdir fyrir myndina fyrir framan Fyrstu Lútersku kirkjuna, blaðamenn komu óboðnir og báðu um myndina.)

Hugmynd mín var aðallega sú að sýna, eða setja á svart og hvítt, hversu víðtækt samstarfið er hér í öllu er varðar okkar íslenzku arfleifð. Prest-hjónin bæði, kona ekki af íslenzkum ættum, Mrs. G. Kristjánson, ungmenni ekki af íslenzku bergi í báðar ættir, og má þar sérstaklega nefna

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

The Icelandic Canadian

Winnipeg Canada

**MAGAZINE BOARD**

**Editors:**

Judge W. J. Lindal
Editor-in-Chief and
Chairman of the Board
788 Wolseley Ave.
Winnipeg 10

Prof. Haraldur Bessason
84 Triton Bay
St. Vital, Winnipeg 8

Miss Caroline Gunnarsson
758 McMillan Ave.
Winnipeg 9

Miss Salome Halldorson
Ste. 6–240 Chestnut St.
Winnipeg 10

Arelius Isfeld
896 Palmerston Ave.
Winnipeg 10

Miss Elin Josephson
Ste. 49–279 River Ave.
Winnipeg 13

Gustaf Kristjanson
73 Crowson Bay
Winnipeg 19

W. Kristjanson
1117 Wolseley Ave.
Winnipeg 10

T. O. S. Thorsteinson
400 Parkview St.
Winnipeg 12

**Secretary of the Board:**

Miss Mattie Halldorson
Ste. 32–399 Graham Ave.
Winnipeg 1

**Business and Circulation Manager:**

Hjalmur F. Danielson
869 Garfield St.
Winnipeg 10

**Advertising Solicitor:**

Mrs. C. O. Einarson
617 Ingersoll St.
Winnipeg 10



Donald Arna Flatt, sem nú stundar íslenzku við háskólann hér, þetta allt á að sýna tvennt í senn: hversu víðtækt starfið er nú sem stendur; sýnishorn eða dæmi, sem sanna að hin íslenzka menning muni ekki glatast þó þeim fækki hér sem tala íslenzku og hinum "blönduðu hjónavigslum" þar sem annaðhvort hjónanna er ekki af íslenzku bergi, fari fjölgandi. Séra Eylands segir mér að yfir 90% af hjónavígslunum séu sem við köllum "mixed marriages."

Það er auðskilið að erfiðleikarnir eru margir, straumurinn inn í hérlenda lífið sterkur og ómögulegt að spyrna á móti. Stundum á misskilningur sér stað. Hann stafar eingöngu af því að sumir skilja ekki þessar óumflýgjandi breytingar, eða vilja ekki kannast við þær.

Þungamiðjan 'i allri okkar viðleitni í íslenzkum málum er óðum að færast nær eða er jafnvel nú þegar komin inn 'i háskólann, enda höfum við þar framúrskarandi góðan mann.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

MAGAZINE BOARD

Editors:

Judge W. J. Lindal
Editor-in-Chief and
Chairman of the Board
788 Wolseley Ave.
Winnipeg 10

Prof. Haraldur Bessason
84 Triton Bay
St. Vital, Winnipeg 8

Miss Caroline Gunnarsson
758 McMillan Ave.
Winnipeg 9

Miss Salome Halldorson
Ste. 6—240 Chestnut St.
Winnipeg 10

Arelius Isfeld
896 Palmerston Ave.
Winnipeg 10

Miss Elin Josephson
Ste. 49—279 River Ave.
Winnipeg 13

Gustaf Kristjanson
73 Crowson Bay
Winnipeg 19

W. Kristjanson
1117 Wolseley Ave.
Winnipeg 10

T. O. S. Thorsteinson
400 Parkview St.
Winnipeg 12

Secretary of the Board:

Miss Mattie Halldorson
Ste. 32—399 Graham Ave.
Winnipeg 1

Business and Circulation Manager:

Hjalmur F. Danielson
869 Garfield St.
Winnipeg 10

Advertising Solicitor:

Mrs. C. O. Einarson
617 Ingersoll St.
Winnipeg 10

The Icelandic Canadian

Winnipeg Canada



Eftir nokkra tugi ára verður það næstum eingöngu háskólagengið fólk sem les íslenzku, og sumt af því ekki af íslenzku bergi brotið, þessvegna er það svo nauðsýnlegt að gera allt mögulegt til þess að þeim nemendum fjölgi, sem velja íslenzku sem námsgrein, og einkum að hægt verði að koma því til leiðar að íslenzka verði kennd við sem flesta háskóla hér vestra. Meira en aðeins að sýna lit á því eins og sumstaðar á sér stað, t.a.m. í háskólanum í Toronto.

Það sem er nauðsynlegt er það að lifta upp íslenzkri tungu sem hæst í menningarheiminum hér vestra. Eg hef frá því á háskóla-árum litið svo á að baráttan, sem við verðum að heyja, er sú að koma því til leiðar að íslenzka eða norræna skipi sama tegg í menningar- og menntamálum, sem Gríska, Latína og Hebreska, enda bentir þú á þetta í ræðum þínum hér vestra. Í framtíðinni munum við leggja mikla áherzlu á orð þín sem eg setti í feitt letur í kaflanum í ræðu þinni, sem kom í ritinu okkar. Í þessum málum getum við hér vestra gert mikið, en það er aðallega á tvennum sviðum.

Eftir því sem Íslendingar hér vestra vinna

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

The Icelandic Canadian

Winnipeg Canada

MAGAZINE BOARD

Editors:

Judge W. J. Lindal
Editor-in-Chief and
Chairman of the Board
788 Wolseley Ave.
Winnipeg 10

Prof. Haraldur Bessason
84 Triton Bay
St. Vital, Winnipeg 8

Miss Caroline Gunnarsson
758 McMillan Ave.
Winnipeg 9

Miss Salome Halldorson
Ste. 6—240 Chestnut St.
Winnipeg 10

Arelius Isfeld
896 Palmerston Ave.
Winnipeg 10

Miss Elin Josephson
Ste. 49—279 River Ave.
Winnipeg 13

Gustaf Kristjanson
73 Crowson Bay
Winnipeg 19

W. Kristjanson
1117 Wolseley Ave.
Winnipeg 10

T. O. S. Thorsteinson
400 Parkview St.
Winnipeg 12

Secretary of the Board:

Miss Mattie Halldorson
Ste. 32—399 Graham Ave.
Winnipeg 1

Business and Circulation Manager:

Hjalmur F. Danielson
869 Garfield St.
Winnipeg 10

Advertising Solicitor:

Mrs. C. O. Einarson
617 Ingersoll St.
Winnipeg 10



sér betri og víðtækari orðstír fara fleiri menningarmenn þjóðarinnar að spyrja hvaða ástæður standi þar á bak við. Nú skal eg gefa þér eitt dæmi. Einn maður í "Canada Ethnic Federation", þ.e.a.s. í samböndum útlendra blaðamanna (ethnic press), sem er hálærður Gyðingur, sagði mér ekki alls fyrir löngu að íslenzk tunga og bókmenntir ritaðar á þeirri tungu, hlyti að vera aðal menningarkrafturinn þar á bak við. Fleiri hafa sagt hið sama, t.d. Dr. J. B. Rudnyckyj, engu síður hálærður, en hann er Ukraníumaður. Hann nam staðar á Íslandi í haust, einmitt til þess að kynnast þjóðinni dálítið betur, og mun hann vera sá fyrsti Ukraníumaður sem þangað ferðaðist. Því miður varst þú þá vestan hafs.

Það má vera tilviljun að í haust hafa þrír Gyðingar innritast í íslenzku deildina, og ef til vill er það kennaranum eingöngu að þakka. En svo má vera að Dr. Shiers skoðanir séu þar á bak við, en hann er ritstjórinn, sem eg hef þegar bent á.

Eg er samfærður um að ef þið á Íslandi, og við hér vestra af íslenzkum ættum, eða bara menn sem meta íslenzka menningu, vinna saman og vinna hart, þá mun að því koma að íslenzk tunga mun skipa svipaðan sess í mennta-heiminum sem latína, hebreska, og forn-gríska,

MAGAZINE BOARD

Editors:

Judge W. J. Lindal
Editor-in-Chief and
Chairman of the Board
788 Wolseley Ave.
Winnipeg 10

Prof. Haraldur Bessason
84 Triton Bay
St. Vital, Winnipeg 8

Miss Caroline Gunnarsson
758 McMillan Ave.
Winnipeg 9

Miss Salome Halldorson
Ste. 6—240 Chestnut St.
Winnipeg 10

Arelius Isfeld
896 Palmerston Ave.
Winnipeg 10

Miss Elin Josephson
Ste. 49—279 River Ave.
Winnipeg 13

Gustaf Kristjanson
73 Crowson Bay
Winnipeg 19

W. Kristjanson
1117 Wolseley Ave.
Winnipeg 10

T. O. S. Thorsteinson
400 Parkview St.
Winnipeg 12

Secretary of the Board:

Miss Mattie Halldorson
Ste. 32—399 Graham Ave.
Winnipeg 1

Business and Circulation Manager:

Hjalmur F. Danielson
869 Garfield St.
Winnipeg 10

Advertising Solicitor:

Mrs. C. O. Einarson
617 Ingersoll St.
Winnipeg 10

The Icelandic Canadian

Winnipeg Canada



en íslenzkan er lifandi, vel fægjað (streamlined) nútíðarmál.

Þarna er framtíðar starfið hér vestanhafs, en það er mikið og vandasamt verk.

Nú ætla eg að slá botn í þetta bréf sem er orðið langt of langt. En eg get ekki látið tækifærið fara fram hjá að segja, og það hiklaust, að margur þjóðræknismaður hér vestra skilur þetta mál ekki líkt því eins vel og þú.

Það gladdi okkur hjónin afar mikið að þið sýnduð okkur þann heiður að koma heim til okkar. Guðný, kona mín, hefur sérstakar litmyndir sem hún ætlar að senda frú Sigríði Björnsdóttir.

Við biðjum að heilsa henni og syni þínum.

Með vinsemd og virðingu,

Valdimar J. Lindal
Valdimar J. Lindal.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

STATSMINISTEREN

København, den 11. januar 1965

J.nr. 64-1864

Kære Benediktsson.

Tak for dit brev af 14. december 1964 vedrørende indbydelsen fra foreningen "Varðberg" til at holde et foredrag i forbindelse med mit ophold i Reykjavik under Nordisk Råd's session.

Jeg har i dag meddelt foreningens formand, at jeg med glæde tager imod indbydelsen.

Jeg ser frem til vort møde i næste måned, hvor der forhåbentlig vil blive udført et godt sagligt arbejde for Nordens sag, og blive lejlighed for politikerne til at tale sammen.

Med venlig hilsen
din hengivne

J. O. Krag

J. O. Krag

Hr. statsminister Bjarni Benediktsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

DECLARATION OF ATLANTIC UNITY
156 EAST 52nd STREET, NEW YORK, N.Y. 10022 • PLAZA 8-0215
UNITED STATES SPONSORS: William L. Clayton, William H. Draper, Jr., Christian A. Herter, Hugh Moore, Lithgow Osborne, Hans Christian Sonne
DIRECTOR: Walden Moore ASSOCIATE DIRECTOR: Livingston Hartley

December 9, 1964

The Honorable Bjarni Benediktsson
Office of the Prime Minister
Reykjavik
Iceland

Dear Mr. Prime Minister:

I enclose the new tenth anniversary booklet of the Declaration of Atlantic Unity in which your own good name appears as a signer on page 16.

As you can see from a glance at the table of contents this booklet is not only a history of the Declaration but may be used as a guide to all international and national Atlantic organizations and groups in this and other NATO countries. As such you may wish to keep it for ready reference.

You may be somewhat surprised at the accomplishments of our informal group as set forth in the first part of the booklet. This is largely due to the support of persons like yourself in all 15 NATO countries.

With all best wishes, I am,

Faithfully yours,

Walden Moore

Walden Moore
Director

Enc.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

COLDWATER FISH TALES

VOL. 2 NO. 4 — FOR COLDWATER EMPLOYEES — SEPT. OCT. 1964

# ICELANDIC PRIME MINISTER TOURS COLDWATER





## EXPRESSES GREAT INTEREST IN PLANT OPERATION

The employees of Coldwater Seafood Corp. were honored recently by the visit of Iceland's Prime Minister, Dr. Bjarni Benediktsson. The prime minister arrived at the Salisbury Airport by private plane. He was greeted by Coldwater executives, the press, and by County and City officials, who presented him with the key to the city. The prime minister proceeded directly to the processing plant in Nanticoke. Secret Service men, the Sheriff and his deputies along with members of the County Commissioners escorted our distinguished visitor to the plant. Great interest was shown by Dr. Benediktsson as he was taken on a tour by Mr. T. Gislason, President and Mr. G.K. Gunnarsson, Plant Manager of Coldwater. Many of the employees were introduced to the prime minister and gave him a personal welcome to the Eastern Shore. After the tour Dr. Benediktsson and his party were served a typical Eastern Shore seafood dinner complete with imported Icelandic fish. The prime minister headed by air to New York late in the afternoon, and sailed the same day for Iceland aboard the S.S. Bruarfoss, the Icelandic ship which a week earlier delivered frozen fish to Cambridge for shipment to Nanticoke.



Photos:

Top left: Dr. Benediktsson listens attentively as plant operation is explained by Mr. Gunnarsson (back to camera) and Mr. Carl Pollitt.

Top right: Production on Line I is in full swing as the Prime Minister makes his tour. Looking on in background is Coldwaters President, Mr. Thorsteinn Gislason and Mr. G.K. Gunnarsson, Plant Manager.

Bottom: Escorting the prime minister to Coldwater were three distinguished gentlemen from Salisbury. Left to right, Judge Rex A. Taylor, Sheriff Samuel Graham and County Commissioner Wade Insley.



Marathon representative, Doug Fox, welcomes Iceland's Prime Minister to Coldwater with a warm smile and as Eastern Shore handclasp. Looking on in background is Mr. G.K. Gunnarsson, Plant Manager and Olafur Gudmundsson, Maintenance Foreman.



## FINDS FISH TALES MORE INTERESTING THAN MOTHER GOOSE

Miss Erla Gudmundsson, daughter of Mr. Olafur Gudmundsson, Maintenance Foreman, relaxes after a hard day at play with her favorite newspaper, Fish Tales. You can sometimes fool her with big words, but she's really hep on the pictures. Erla, by the way, has a brand new sister born on October 18. She weighed 4 lbs. 14-½ oz. and was 21'' long. Congratulations.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavikur

FISH TALES
EDITORS: K. Adolphsson
P. Tawes
PHOTOS: O. Gudmundsson




**DRIVE ESPECIALLY CAREFUL...THE CHILDREN ARE BACK IN SCHOOL!**

All over the country youngsters have returned to their school books and classrooms. The school buses are rolling--and children in cities and towns and rural areas will be traveling to and from school. The National Safety Council asks all of us to be especially careful at this time of the year.

## THE VOTE

United States citizenship does not necessarily include the right to vote. Infants and minors are citizens, but they cannot vote. The right to vote as distinguished from citizenship, is called suffrage. Today no state may deprive any person of the right to vote on account of race, color, creed or national origin. In all states, a person must be at least 21 years of age and a citizen of the United States. Also a qualified voter must have resided within the state for the time prescribed by law. Several states require that a person must be able to read and write; others require you to pay a "poll tax" before voting.

**EXERCISE YOUR RIGHT TO VOTE NOVEMBER 3 THE CHOICE IS YOURS.**

**DID YOU KNOW**

**THAT** William Henry Harrison served the shortest term in office. (1 month in 1841.)

**THAT** Franklin D. Roosevelt received the most electoral votes. (523 out of 531 in 1936.)

# *Birthday Greetings*

*Many happy returns to these employees with recent birthdays.*

**SEPTEMBER**

| | |
|---|---|
| HENRIETTA MADDOX | 1 |
| ADDIE WEBSTER | 2 |
| NELSON NUTTER | 3 |
| EDITH MADDOX | 5 |
| WILLIE HODGES | 8 |
| WILLIAM BENNETT | 8 |
| DONALD JONES | 8 |
| VERNETTA JOHNSON | 9 |
| NELLIE PERRY | 9 |
| ST. CLAIR WRIGHT | 9 |
| RANDOLPH COPES, SR. | 14 |
| ELIZABETH LAYFIELD | 16 |
| GLENN RUARK | 17 |
| WILLIAM TIEMAN | 19 |
| LILLIE COWARD | 23 |
| DELORES PERRY | 24 |
| J. WILLIAM WHITE | 27 |
| CARL POLLITT, SR. | 27 |
| FRED HOSIER | 28 |
| JANICE NORTHAM | 29 |

**OCTOBER**

| | |
|---|---|
| ELLA KING | 4 |
| LUCY JONES | 4 |
| PRESTON TAWES | 6 |
| IRMA WILLIAMS | 7 |
| ALICE PERRY | 9 |
| WILLZY NORMAN | 10 |
| SAMUEL TURNER | 10 |
| COLUMBUS DORMAN | 12 |
| ANNA BROWN | 14 |
| ROBERT OWENS | 17 |
| LEONARD B. JOHNSON | 24 |
| WILLIAM LEWIS | 25 |
| KRIS GUNNARSSON | 25 |
| HESTER JONES | 25 |
| THELMA WRIGHT | 27 |
| IDA WILSON | 28 |
| ELEANOR NUTTER | 29 |



Lake Myvatin in Iceland--a paradise for bird watchers and nature lovers is rich in hot springs, volcanoes, craters, strange lava formations and sulphur pits.







**MR. RICHARD AUGELLO NAMED VP OF COLDWATER SEAFOOD CORP.**

Richard Augello has been named Vice President of Coldwater Seafood Corp., as announced recently by Thorsteinn Gislason, President. Mr. Augello, who joined Coldwater in 1958, is in charge of sales for the Eastern area of the United States.

Mr. Augello is a graduate of the Long Island Agricultural Institute, Farmingdale, New York, where he majored in Food Merchandising. He and his wife, Gloria, reside at 18 Bluebird Drive, New York.

Before joining Coldwater, Mr. Augello was a sales representative for the Minute Maid-Snowcrop Company. He joined Coldwater as traffic manager in 1958 and subsequently became a sales representative, Midwestern Division Sales Manager and Eastern Division Sales Manager. P.S. We're happy to report the arrival of a new member into the Augello family, a boy, Glenn Thomas, born September 28 and weighed 6 lb. 1 oz. Congratulations!

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## WHAT USDI INSPECTION MEANS TO YOU

**by Roland McCarthy, USDI Inspector**

In July of 1960 upon request of the Company, the United States Department of the Interior, Bureau of Fish & Wildlife Service began inspection services at Coldwater Seafood plant in Nanticoke. Prior to this time the only inspection of the products produced here was performed by the Federal Food & Drug and State and County officials on routine inspection and also by the Quality Control of the Company.

The primary purpose of the USDI Inspection program is to assist the fishing industry to upgrade the over-all quality of seafood products and to assure the buyer of the quality of the product.

To accomplish this purpose three types of Inspection have been set up by the Department of the Interior--Continuous Inspection, Lot Inspection, and Cross-Utilization.

The type of inspection performed at Coldwater is the continuous inspection, whereas, the Inspector is on duty and in the plant during all phases of production. A few of the duties of the Inspector at Coldwater is to check the plant personnel and equipment used in processing for sanitation. The Inspector will also check the raw material, in this case, frozen fish blocks, for quality and wholesomeness and sanitation. The Inspector will check the product from the raw material through the processing stages and while in storage. He will draw samples during processing to be sure the product meets the U. S. Standards for Grades of the product being produced.

A company under Continuous Inspection has the privilege to place on their product the USDI Continuous Inspection shield or a U. S. GRADE A Inspection Shield. In either case the product has to meet with the requirements set forth by the U. S. Standards or Specifications approved by the Department in cases where no U. S. Standards are available before the product can bear the U. S. shield. The product has to contain good quality and be wholesome. Sanitation of the plant and handling procedures must be met at all times.

So, when you or I go to the supermarket to do our shopping we look for the products that have been inspected by a Federal Agency. Why? Because we know from experience that we can buy with assurance the product that bears a Federal shield. We may never have heard of the Company or know where the city or town is located, but by the presence of the Inspection Shield we know that this Company has gone to the expense to see to it that the product it is offering to sell you is the best that it has to offer and that it has met with all of the requirements set forth by the U. S. Department of the Interior.



## COLDWATER GIANTS CLINCH PENNANT WIN PLAY-OFF.

They did it again.....the Coldwater Giants became pennant winners and also the play-off champs of the Lake Street Recreational League for 1964. The coach of this fine team, Floyd Wright, proudly displays the trophys awarded to the Giants for their fine performance this season. Congratulations, men!



Top Row - left to right.
Hubert Graham, L. F.; Winfred Hull, Jr., Coach; Leonard Robinson, 1 B; Talbert Jones, 2 B; Howard Robinson, S. S.; Chauncey Wainwright, C. F.;

Bottom:
Robert Brown, 3 B; Maurice Bailey, Coach & Mgr.; Lawrence Collins, Pitcher; Charles Upshur, Catcher; Russell Robinson, R.F.

## November 3rd. is Election Day

# - VOTE -

**DID YOU KNOW?**

**THAT** Election Day was a legal holiday in most states.

**THAT** Thomas Jefferson, John Quincy Adams and Rutherford B. Hayes were each elected president by only a one vote margin in the Electoral College.

**THAT** one vote gave statehood to California, Idaho, Oregon, Texas and Washington.

**THAT** Woodrow Wilson and James Polk were the only Presidents who did not carry their own states in their election.

**THAT** William Howard Taft was the largest President (6'2" tall and weighed over 300 lbs.).

**THAT** Andrew Johnson was the only President who never went to school.

**THAT** John Adams was the first President to live in the White House.



**THAT** George Washington and James Madison were the only Presidents who had signed the Constitution.

**THAT** John Tyler had the most children, (15).

**THAT** James Buchanan was the only bachelor President.

**THAT** Ulysses S. Grant and Dwight D. Eisenhower were the only Presidents to be graduated from the United States Military Academy.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## COLDWATER'S DIRECTORS VISIT THE PLANT

On September 9, five members of the Coldwater Board of Directors visited Nanticoke. These included: Mr. Thorsteinn Gislason, President of Coldwater. – Mr. Sigurdur Agustsson, Chairman of the Board. Mrs. Agustsson accompanied her husband. – Mr. Einar Sigurdsson, who is also vice-chairman of the Icelandic Freezing Plants Corporation and chairman of the firms subsidiaries in Iceland. Mr. Sigurdsson's daughter, Elisabet, came with her father. – Mr. Bjorn Halldorsson. Mr. Halldorsson is also Director of Sales for the Freezing Plants. – Mr. Eyjolfur Isfeld, Director of Finance. Mrs. Isfeld was also in the party.



Other members of the Coldwater Board of Directors are: Mr. Gudfinnur Einarsson and Mr. Ingvar Vilhjalmsson, both in Iceland, and Mr. Alfred Bedard in New York.

Photo: Back row, left to right: Mr. Halldorsson, Mr. Gislason, Mr. Isfeld. Front row: Mr. Sigurdsson, Mr. Agustsson, Mr. Einarsson.



MR. JON BERGSSON paid us a visit this summer. Mr. Bergsson is a prominent businessman in Iceland and operates his own Import-Export Co. He is a distributor for General tires in Iceland and owns a new modern service center. He and his wife were visiting friends in the states and calling on manufacturers he represents in Iceland.



MR. PHILIP J. McKAY, Regional Supervisory Inspector with the U. S. Dept. of the Interior, Gloucester, Massachusetts.

Mr. McKay worked for several years as USDI Inspector before being promoted to his present position. His former duties included starting of the inspection service at Coldwater. Please refer to article on page 3.

## *Fresh* FROM THE FREEZER

A hitchhiker was picked up by a rich Texas oilman driving a big, bright-colored, richly upholstered, high-powered convertible. As they drove along the open highway, doing well over 50, the young hitchhiker noticed a pair of very thick glasses on the seat between them.

"Are those glasses yours?" the hitchhiker asked nervously, noting that the Texan was staring intently at the road before him and the speedometer was still climbing.

"Yep," came the reply. "Wouldn't go nowhere without 'em. Can't hardly see my hand in front of my face when I ain't got 'em on." And to the hitchhiker's dismay, when the Texan turned to talk he squinted in his passenger's general direction, unable to make him out clearly on the seat beside him, Then sensing the hitchhiker's uneasiness, he added: "Ain't got nothing to fret over, though, sonny. This here windshield is ground to my perscription."

* * *

A musician married a terribly ugly woman for her money. He took her every place he went. "I can understand your marrying her for her money," said a friend, "But why do you take her every place you go?" The musician replied, "It's better than kissing her goodbye."



### LEFT TO RIGHT:

Recent visitors to our plant included Mr. Einar Gudfinnsson from Bolungavik, Iceland. Mr. Gudfinnsson is one of the best-known and respected men in the Icelandic fishing industry. He is the owner of plant 32 in the Icelandic Freezing Plants group. With Mr. Gudfinnsson came one of his sons, Jonatan, the mayor of Bolungavik, and a son-in-law, Mr. Haraldur Asgeirsson, a professional engineer.

Left to right: Mr. Jonatan Einarsson, Mr. Haraldur Asgeirsson, Mr. Einar Gudfinnsson.

## SURPRISE

The boss of a medium sized office hired a stenographer who was out of this world.

She had looks, personality, and clothes. After looking at her for a few weeks the boss, a married man, decided that he was going to take her out some night.

He approached her and asked if she would like to celebrate his birthday with him at some secluded night spot.

She said that she would have to think about it.

The next day she consented to go out but offered that they go to her apartment instead of out somewhere.

To himself, any normal man would, he commented-"Hmm, better than I planned."

The night of his birdthay, they went to her apartment and had cocktails, appetizers, dinner and some drinks afterwards.

A short while later, she said,--"I am going to my bedroom now and you can come in--in five minutes."

When five minutes were up, he knocked on the bedroom door.

The voice from behind the door in a sweet tone said, "Come in."

He entered and locked the door behind him. The light came on and his entire office force and his wife began to sing

HAPPY BIRTHDAY TO YOU!

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavikur